

Auglýsing

um póstmál.

68
14. júní.

Samkvæmt auglýsingu innanríkisstjórnarinnar frá 24. f. m. hefir ákvörðun þeirri, er 5. gr. augl. 26. septbr. 1872 um sambandið milli hinna almennu dönsku og hinna sjer staklegu íslenzku póstmála hefir inni að halda, um að böggulsendingar milli Danmerkur og hafna þeirra á Íslandi, er hið konunglega póstgufuskip kemur á, megi ekki vega meir en 5 pund, verið breytt þannig, að þyngd sendinga þessara má nema allt að 10 pundum.

Þetta er hjer með birt almenningi.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 14. júní 1876.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

— *Brjef landshöfðingja til Egils borgara Egilssonar í Reykjavík um styrk til að koma á fót kalkbrennslu.* — Eptir að jeg út af hingað sendri beiðni yðar, dags. 21. marz þ. á., um að yður yrði veittur styrkur úr landssjóði til að koma upp kalkbrennslu hjer við bæinn til þess að vinna kalkgrjót úr Esjunni, hafði veitt yður 400 kr. styrk af þeim hluta fjár þess, er til er tekið í 15. gr. fjárlaganna fyrir 1876—77, sem jeg hefi umráð yfir, lagði jeg það til við ráðgjafann fyrir Ísland, að þjer yrðuð látinn fá í þessu skyni viðlíka styrk af hans hluta af fje því, er veitt er í nefndri grein.

Út af þessu hefir ráðgjafinn í brjefi dags. 23. f. m. tjáð mjer, að hann verði að vera þeirrar skoðunar, að ef yfir höfuð ástæða skyldi vera til fyrir stjórnina að styðja fyrirtæki einstakra manna, önnur eins og þetta, eigi þó að minnsta kosti ekki að veita styrkinn að gjöf handa hlutadeiganda, sem ræðst í fyrirtækið, með því að engin trygging er fyrir því, að eigi fari svo, að allt fyrirtækið, sem styrkurinn á að efla, hætti innan skamms. Ráðgjafinn hefir því eigi þótzt geta veitt neinn styrk í þessu skyni af sínum hluta í 15. gr. fjárlaganna, en af því að það að minni hyggju sje mjög æskilegt, að farið yrði að vinna áminnsta kalksteinsnámu, segist ráðherrann aptur á móti ekki vera mótfallinn því, að jeg láti yður fá 400 kr. lán úr viðlagasjóði, gegn tryggilegu veði, annaðhvort í fyrirtækinu, ef það getur talizt hafa í sjer fóligna nægilega tryggingu, eða, ef það er ekki, á einhvern annan hátt, og skal greiða í vöxtu 4 af hundradi um árið, og að 5 árum liðnum fara að borga upp í höfuðstólinn 100 kr. á ári, og er lánið, eða það, sem eptir er af því, fallið í gjalddaga, jafnskjótt sem fyrirtækið hættir, eða vextir eða borgun upp í það er látin ógreidd á hinum tilteknu tímum.

Þetta er yður hjer með tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar.

— *Brjef biskups til landshöfðingja um kirkjurækni.* — Hjer með leyfi jeg mjer virðingarfullst að senda yður, hávelborni herra, hjálagt eptirrit eptir umburðarbrjefi, er jeg 6. júlí 1867 sendi öllum hjeradsprófstum landsins, um kirkjurækni, með þeirri jafnvirðingarfyllu ósk, að það mætti verða prentað í stjórnartíðindunum, svo framarlega sem það ekki riður í bága við þær reglur, sem iantak þeirra er bundið við, og skal jeg í þessu skyni leyfa mjer að geta þess, hvað mjer gengur helzt til að fara þessu á flot.

Þótt slík áminningar- og uppörfunarbrief, eins og það, sem hjer ræðir um, kunni með Guðs hjálp að hafa nokkurn árangur fyrst í stað, eru þau þó þess eðlis, að það

Hinn 20. júlí 1876.

70 verður að ítreka þau við og við, eigi þau að geta borið varanlegan ávöxt, með því líka
19. júní. prestaskipti verða í brauðunum hvað eptir annað, og eins kemst breyting á söfnuðina. Mjer hefir því þótt þörf á að ányja áminnst brjef, og jeg held, að það yrði almenningi enn hugfastara, ef það væri birt á prenti, einkum í Stjórnartíðindunum, sem eru í svo margra höndum um allt land.

Um burðarbrjef

biskups til allra hjeradsprófasta á landinu, 6. júlí 1867.

Það heyrir almenn umkvörtun yfir því, að kirkjurækni hjer á landi hafi á síðari árum farið hnignandi, svo að menn víða hvar vanræki kirkjugöngu hvern helgan dag eptir annan, án þess vegalengd, veðráttu, vatnsföll eða aðrar kringumstæður banni þeim að sækja kirkju sína. Þótt það sje nú auðvitað, að hin ytri háttsemi er eigi ætíð óbrigðull vottur um hjartalagid og hið innra hugarfár, er þó hitt allt að einu víst, að kirkjugangan er hið bezta meðal til að við halda kirkjulegu fjelagslífi, og að hirðuleysi í þessu efni leiðir með tímanum af sjer deyfð og dofínleik í trúarefnum, deysir áhuga á og virðingu fyrir hinni opinberu guðsþjónustu, og hefir skaðleg áhrif á hið kristilega trúarlíf.

Sakir þessa finn jeg mig knúðan til að biðja yður, herra prófastur, að brýna fyrir prestunum í yðar prófastsdæmi, að þeir jafnframt því að leiða söfnuðum sínum nytsemi kirkjunnar fyrir sjónir, áminni þá í kærleika, en alvarlega um, að sækja kostgæfilega helgar tíðir, eins og jeg líka vona, að prestarnir sjálfir láti aldrei messur úr falla að nauðsynjalausu, eða án sjerlegra orsaka, heldur gegni rækilega skyldu sinni í þessu efni, og að þjer bæði á visitáttum yðar og endrarnær grennslizt eptir og hafid vakandi auga á því, hvernig kirkjurækni hvers safnaðar í prófastsdæminu er varið, og leitizt með áminningum og uppörfunum við að glæða hvervetna hið kristilega trúarlíf*.

71 — *Brjef landshöfðingja til bæjarstjórnarinnar í Reykjavík um bæjargjald*
27. júní. af byggdri tómthúsalóð. — Nokkrir ábúendur á Selslóð við Reykjavík höfðu beiðzt undanþágu frá gjaldi því af byggdri lóð, sem jafnað hafði verið á þá fyrir árið 1876. Þessarar beiðni synjar landshöfðingi, af því að 1. grein í opnu brjefi 26. sept. 1860 bindi eigi tómtústollinn þeim skilmála, að tómtústandi á kaupstaðarlóð, heldur þeim, að það sje í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins. — Beiðendur höfðu borið fyrir sig, að tómtúsh þeirra lægju fyrir utan hina eiginlegu kaupstaðarlóð. Bæjarstjórnin, er landshöfðingi krafði álits um málið, hafði skýrt svo frá, að engin undanþága hafi nokkuratíma átt sjer stað undan bæjargjaldi af byggdri lóð fyrir utan takmörk hinnar eiginlegu kaupstaðarlóðar, en hins vegar opt undan gjaldi af óbyggdri tómtúsalóð á því svæði. — En ef, segir landshöfðingi, sjerstaklegar ástæður kynnu að virðast heimila stöku tómtúsum undanþágu undan nefndu gjaldi, ber slíkt undir úrslit dómstólanna, eins og sjálfsgt er.

*) Þar sem mjög sjaldan er messað, eins og því miður á sjer stað í hinum prestslausu brauðum, hefi jeg ráðið til þess, að meðhjálparar og aðrir góðir menn gengjust fyrir því, að fólk á helgum dögum kæmi þó saman á kirkjustöðunum, að sálmar væru sungnir í kirkjunum og að meðhjálparinn læsi þrjedikun í kórðyrum, eins og tíðkanlegt mun vera á Færeyjum, þar sem líkt stendur á, og prestar hafa mörgum kirkjum að þjóna. Væri þessari reglu fylgt, yrði það til að við halda kirkjulífinu í þessum söfnuðum, eins og það kynni líka víða að geta lagad sálmásönginn og vanið unga menn á söng; einnig gætu menn á slíkum fundum rétt ýmisleg fjelags- og sveitamál.